



Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2019

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagastrandar 18. desember 2018

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.260 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 36.300 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald / sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **44.151** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **13.913** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **4.937** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **7.260** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda umlækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **40.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 3.587.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.862.000 kr/ári

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **20.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.483.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.327.000 kr/ári

Sveitarstjóri